

Bæjarstjórn Garðabæjar	
Mótt.dags:	10.11.2016
Málalýdi:	00.101
Mál.nr.	1611115



Hverfisgötu 105
101 Reykjavík
www.ns.is ns@ns.is
tel. +354 5451200

Bæjarstjórn Garðabæjar
B/t Gunnars Einarssonar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 8. nóvember 2017

Efni: Beiðni um styrkveitingu vegna ársins 2017.


Með bréfi þessu fara Neytendasamtökin þess á leit við bæjarstjórn Garðabæjar að hún styðji neytendastarf á næsta ári með framlagi til Neytendasamtakanna.

Neytendasamtökin hafa í meira en 60 ár sinnt hagsmunagæslu fyrir neytendur og aðstoðað þá við að leita réttar síns sé á þeim brotið. Félagsmenn eru um 8.000 og standa þeir að mestu undir rekstri starfseminnar með félagsgjöldum sínum. Neytendasamtökin reka leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu fyrir neytendur og leigjendur. Neytendasamtökin líta á þessa þjónustu sem samfélagslegt verkefni enda er hún í boði fyrir alla neytendur og leigjendur. Það vantar hinsvegar mikið upp á að framlög frá opinberum aðilum standi undir rekstri þjónustunnar og því fara félagsgjöld félagsmanna að stórum hluta til í þetta verkefni. Í sumum nágrennalanda okkar sinna sveitarfélög slíkri þjónustu og því er ekki óeðlilegt að sveitarfélög hér á landi taki þátt í að greiða að hluta fyrir þessa þjónustu.

Margir virðast halda að Neytendasamtökin séu opinber stofnun og ætlast til margs af þeim. En á meðan krafan um öflug neytendasamtök er hávær fer minna fyrir áhuganum á að styðja við samtökin þannig að þau geti orðið enn öflugri.

Neytendasamtökin sækja því um styrk hjá bæjarstjórn Garðabæjar vegna þeirra þátta í starfsemi sinni sem teljast samfélagsleg verkefni. Miðað er við 5 krónu framlag á hvern íbúa miðað við íbúatölu eins og hún er hjá Hagstofunni. **Því sækja Neytendasamtökin um styrk hjá bæjarstjórn Garðabæjar að upphæð 73.585 krónur vegna starfsársins 2017.**

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna


Ólafur Arnarson formaður

Meðfylgjandi er ársreikningur Neytendasamtakanna fyrir árið 2015 og skýrsla um starfsemi Neytendasamtakanna 2014-2016.